

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 213/2012****2013/EES/18/09****frá 7. desember 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 493/2012 frá 11. júní 2012 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB, varðandi útreikning á endurvinnslunýtni í endurvinnsluferlum fyrir notaðar rafhlöður og rafgeyma ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zzh (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/78/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzi. **32012 R 0493**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 493/2012 frá 11. júní 2012 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB, varðandi útreikning á endurvinnslunýtni í endurvinnsluferlum fyrir notaðar rafhlöður og rafgeyma (Stjtíð. ESB L 151, 12.6.2012, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 493/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 151, 12.6.2012, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.